

**áfram** *ao*

– höldum áfram!

‡ • fram; framundan, framvegis, áfram

**lengi** *ao*

– ekki vera lengi!

‡ • lengd, langt, langur

**ein-n** *fn/to*  
[-, eitt; -ir, -ar, -]

– einn, tveir og nú!

‡

**nú, núna** *ao*

– nú er sumar

‡ • nútími « þá

**dauð-i** *kk et – tími*  
[-a]

– ekki tala um dauðann

‡ • dauður, deyja « líf

**skap** *hk – hús Ö*  
[-s, sköp]

– ertu í vondu skapi?

‡

**velt-a** *so vb-i – heyra*  
[-i]

– barnið veltir sér á magann

‡

**hæg-ur** *lo – gulur*  
[-, -t (ao); -ari, -astur]

– gangið hægt og rólega

‡ hægr • hægja « hratt

**vang-i** *kk – tími*  
[-a, -ar]

– hún kyssti hann á vangann

‡ » kinn

**blóð** *hk – hús*  
[-s, -]

– gefur þú blóð?

‡

**munn-ur** *kk – hestur*  
[-s, -ar]

– hún kyssti hann á munninn

‡ munnr • munnvik

**eðlileg-ur** *lo – gulur*  
[-, -t; -ri, -astur]

– þetta er ekki eðlilegt

‡ • eðli » venjulegur, algengur « óeðlilegur

**heils-a** *kv et – stofa*  
[-u]

– hann er enn við góða heilsu

‡ • heill, heilbrigður, heild

**rass** *kk – hestur Ö*  
[-, -ar]

– buxurnar eru of þröngar um  
rassinn

‡/ars

**syn-da** *so vb-i – heyra*  
[-ti]

– kanntu að synda?

‡ • sund, sundlaug

**augnaráð** *hk – hús*  
[-s, -]

– hún sendi mér kuldalegt  
augnaráð

‡ • auga, ráð